



Fundargerð 7. fundar stjórnar SSA, haldinn 3. desember 2019.
Fundurinn var haldinn í Végarði í Fljótsdal og hófst hann kl. 11:00.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Sigríður Bragadóttir, Pálína Margeirsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

1. Kynning á verkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal

Gestir fundarins undir þessum lið voru aðilar í Samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri Austurbrúar. Ásdís kynnti samstarfsverkefni Fljótsdalshrepps og Austurbrúar Fögur framtíð í Fljótsdal. Markmið verkefnisins er að efla byggð og mannlíf í Fljótsdalshreppi.

2. Fljótsdalshreppur

Gestur fundarins undir þessum lið var sveitastjórn Fljótsdalshrepps. Umræður um stöðu mála í hreppnum bæði út frá atvinnumálum, byggðapróun og innviðum. Oddviti Fljótsdalshrepps sagði helstu varnarbaráttuna vera fólksfækkun og lítil kynslóðaskipti hefðu orðið á jörðunum. Mikilvægt væri því að fá framtíðarverkefnið (Fögur framtíð í Fljótsdal) sem stuðning inn í samfélagið.

Fundarhlé.

Snæddur var hádegisverður á Skriðuklaustri með sveitastjórn og fulltrúum samfélagsnefndar og verkefnastjóra.

3. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 3.1 Fundargerð frá 6. fundi stjórnar SSA 2019-2020. Fundargerðin var undirrituð af stjórn.
- 3.2 Fundargerð 6. fundar framkvæmdaráðs. Fundargerðin var lögð fram til kynningar.
- 3.3 Fundargerðir stjórnar SSH (478), SSNV (49), Vestfjarðastofa (19,20) Eyþing (326), SASS (550), SSS (750). Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.
- 3.4 Fundargerð stýrihóps um byggðamál (55). Lögð fram til kynningar.
- 3.5 Glugginn, fréttabréf Íbúðalánasjóðs. Lagt fram til kynningar.
- 3.6 Torgið, fréttabréf Skipulagsstofnunar. Lagt fram til kynningar. Kynntur opinn kynningarfundur um úrgangsmál þann 5. desember nk.
- 3.7 Störf án staðsetningar. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lagt fram til kynningar. Umræður um Starfatorg og birtingu starfa án staðsetningar á vefsíðunni. Stjórn óskar eftir því að Austurbrú hefji samtali við Starfatorg um að störf á staðsetninga birtist undir öllum landshlutum á vefsíðunni.
- 3.8 Verkefni- og matslýsing Kerfisáætlunar 2020-2029. Lögð fram til kynningar.

4 Innra starf SSA

- 4.1 Aðilar í nefndir uppbyggingasjóðs, til staðfestingar. Stjórn staðfesti val framkvæmdaráðs í nefndir samkvæmt fundargerð 6. fundar framkvæmdaráðs.



- 4.2 Sóknaráætlun Austurlands. Framkvæmdastjóri kynnti nýtt matsblað vegna úthlutunar í Uppbyggingarsjóð og þá breytingu að hægt verði að sækja um styrk fyrir lengri verkefni eða allt til 3 ára. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir upplýsingum með hvaða hætti þetta verður útfært innan úthlutarnefndar. Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 og úthlutunarreglur vegna uppbyggingarsjóðs eru samþykktar samhljóða.
- 4.3 Sv-AUST. Breyting á samþykktum. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að breytingum á samþykktum. Nýjar samþykktir eru samþykktar samhljóða af stjórn.
- 4.4 Sv-AUST. Breyting á stjórn. Farið var yfir breytingar á aðilum í stjórn Sv-AUST. Ný stjórn samanstendur af Einari Má Sigurðarsyni formanni, Birni Ingimrassyni og Karli Óttari Péturssyni meðstjórnendum og Aðalheiði Borgþórsdóttur varamanni. Samþykkt samhljóða.
- 4.5 Flugvallamál. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.
- 4.6 Staða verkefna. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna.

5 Önnur mál

- 5.1 Samgönguáætlunin, Samgönguáætlunin rædd.
- 5.2 Innkaupareglur sveitarfélaga, umræður um áherslur í innkaupareglum sveitarfélaga.
- 5.3 Nám í forritun og iðnnám, umræður stjórnar um stöðu mála og næstu skref.

6 Hallormsstaðaskóli

Gestur: Bryndís Ford, skólameistari Hallormsstaðaskóla.

Bryndís Ford kynnti starfsemi Hallormsstaðaskóla og þær breytingar sem verið er að gera á námskránni með því að færa námið yfir á 4. hæfnisþrep. Umræður um mögulega þátttöku Hallormsstaðaskóla í áhersluverkefnum sóknaráætlunar og öðrum verkefnum, svo sem Matarauði Austurlands. Stjórn þakkar Bryndísi fyrir góða kynningu og óskar eftir því að fá áfram nauðsynlegar upplýsingar til að fylgjast með þróuninni og greiningu tækifæra til framtíðar fyrir starfsemi Hallormsstaðaskóla.

7 Skógrækt

Gestir fundarins undir þessum lið voru: Gunnlaugur Guðjónsson, sviðstjóri fjármálasviðs Skógræktarinnar, Maríanna Jóhannsdóttir, formaður Félags skógarbænda á Austurlandi, Jóhann F. Þórhallsson, gjaldkeri Félags skógarbænda á Austurlandi og Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður Landssamtaka skógareigenda.

Umræður um verkefni tengd kolefnisbindingu og stöðu skógræktar á svæðinu. Formaður Félags skógarbænda sagði helsta áhyggjuefnið vera að fjárveitingar hefðu ekki haldið í gefin loforð. Stjórn þakkar gestum fyrir kynninguna og leggur áherslu á mikilvægi þess að uppbygging og þróun skógræktar eigi sér stað á Austurlandi.

Fundi slitið kl. 16:30

Stefnt er að næsta fundi eftir 20. janúar á Vopnafirði.



Gunnar Jónsson

Gauti Jóhannesson

Hildur Þórisdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Pálína Margeirsdóttir

Einar Már Sigurðarson

Sigríður Bragadóttir